

HILDUR SIF HREINSDÓTTIR

Uppskriftin að súpunni frá eiginmanninum

• matur • tíska

ALLT Í MIDJU BLAÐSINS



MAGNÚS JÓNSSON

Fær útrás í gegnum listina

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

16. janúar 2009 – 15. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Ellefu tilnefningar

Danny Boyle og félagar fengu ellefu tilnefningar til Bafta-verðlaunanna fyrir kvikmyndina Slumdog Millionaire.

KVIKMYNDIR 28



Tvisvar fengið afkomendur í afmælisgjöf

Árni Björnsson þjóðháttufræðingur, á afmæli í dag, eins og tveir af afkomendum hans.

TÍMAMÓT 22



Örþjóð á krossgötum

Á nýju ári munu mörg skuldsett fyrirtæki og heimili fara í gjaldþrot eða þurfa að selja eignir upp í skuldir, segir Haraldur Lindal Haraldsson

UMRÆÐAN 20


Nick Bradford snýr aftur

Nick Bradford hefur samið við körfuknattleikslið Grindavíkur og leikur með liðinu í kvöld.

ÍÞRÓTTIR 30




VEÐRIÐ Í DAG



BÆTIR Í VIND SYÐRA Í dag verða norðaustan 10-18 m/s á Vestfjörðum, annars hæg suðlæg átt. Sunnanstrekkingur síðdegis. Snjócoma eða slydda nýrðra en rigning eða slydda syðra síðdegis.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... alla daga
Medallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

Frysting hjá Byggðastofnun

Ástandið hefur aldrei verið jafn erfitt hjá Byggðastofnun segir forstjórinn. Erlendar skuldbindingar hafi þanist út vegna hruns krónunnar og nú sé stóru fjalli lána ýtt á undan í þeirri trú að krónan styrkist.

VIÐSKIPTI „Við stefnum að því að gefa út skuldabréf fyrir þrjá milljarða króna vegna útlána á árinu, en það verður að segjast eins og er að þetta hefur aldrei verið jafn erfitt,“ segir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar.

Stofnunin hafi yfirleitt fjármagnað lán sín með erlendum lánum eða innlendum lánum og skuldabréfum. Lán fáist nú ekki að utan. Erlendar skuldbindingar hafi einnig þanist út vegna gengishruns og það valdi stofnuninni vandræðum.

Ekki sé mikið spurt um lán hjá stofnuninni nú, en töluvert hafi verið um það í fyrra. „Nú

erum við, og aðrar lánastofnanir í landinu, að ýta á undan okkur stóru fjalli af lánum. Lántakendur hafa fengið skuldbreytingar og frystingu í stórum stíl. Allt er þetta gert í þeirri trú að krónan eigi eftir að styrkjast. Gerist það ekki er viðbúið að erfiðleikarnir verði umtalsverðir,“ segir Aðalsteinn. Stofnunin geti sýnt skuldurum þolinmæði.

„En okkur eru þó takmörk sett, til dæmis þarf eiginfjárlutfall okkar að vera í lagi. Hjá okkur rambur þetta núna í kringum átta prósentin sem er lögbundið lágmark.“ Eiginfjárlutfallið var um 10,3 prósent um mitt síðasta ár, en yfir fjórtán prósent áramótin þar á undan.

Eitt félag af hverjum tíu um allt land gæti lent í greiðsluþroti í ár, segja fréttir. Aðalsteinn telur ekki að þetta verði svo slæmt úti á landi. „Það er í raun ómögulegt að leggja mat á það hversu trúverðug spá af þessu tagi er. Væntanlega er hér verið að miða við hlutfall af fjölda kennitalna lögaðila, en það segir ekkert um fjölda starfa sem kynnu að tapast.“ Víða starfi tiltölulega margir hjá stórum fyrirtækjum, en fjölmargir reki einmenningsfélög.

Um stöðu rekstrar á landsbyggðinni almennt segir hann: „Öldutopparnir voru víðast ekki mjög háir og vonandi verða dalirnir ekki eins djúpir á móti.“

- ikh



ÓTRÚLEG BJÖRGUN Í NEW YORK Farþegar og áhöfn komust út á vængi vélarinnar skömmu eftir að hún nauðlenti. Þaðan var fólkinu bjargað í björgunarbáta og ferjur.

Yfir 150 komust lífs af þegar Airbus-vél flaug inn í fuglahóp og nauðlenti:

Nauðlending á Hudson-ánni

SLYS Flugvél U.S. Airways af gerðinni Airbus A320, með 148 farþega og sex manna áhöfn innanborðs, brotlenti í Hudson-ánni við New York skömmu eftir flugtak um klukkan hálf fjögur í gær að staðartíma, hálf nýu í gærkvöldi að íslenskum tíma. Allir um borð komust lífs af og var bjargað yfir í björgunarbáta og ferjur sem komu skjótt á vettvang. Talið er að nokkrir

hafi meiðst við lendinguna, en ekki alvarlega. Þá fengu nokkrir aðhlyningu vegna ofkælingar, en sex stiga frost var í New York þegar slysið átti sér stað.

Allir sem um borð voru í vélinni komust út á vængi hennar og þaðan var þeim bjargað yfir í báta áður en flakið sökk.

Flugmálastjórn Bandaríkjanna taldi í gær að vélin hefði flogið inn í fuglahóp og því hafi

tveir af hreyflum vélarinnar misst afl.

Vélin var á leið frá LaGuardia-flugvellið í New York til Charlotte í Norður-Karólínu. Talið er að hún hafi verið í þrjár mínútur í loftinu áður en henni var nauðlent. Sjónarvottur sem sjónvarpsmenn á BBC-sjónvarpsstöðinni ræddu við sagði flugstjórnann hafa unnið þrekvirki.

- kg

Stefán Karl Stefánsson:

Í prufum á Broadway

FÓLK Stefán Karl Stefánsson er einn þeirra sem koma til greina í hlutverk The Green Goblin í söngleik um Kóngulóarmanninn. Söngleikurinn gæti orðið sá dýrasti í sögu Broadway og semja Bono og The Edge úr U2 tónlistina.

Auk þessa hefur Stefán verið í prufum fyrir söngleikina Lion King og Billy Elliot. - fgg / sjá síðu 34

Flokksþing Framsóknar:

Ekkert víst um Evrópumálin

STJÓRNMÁL Tillaga um að Ísland gangi til aðildarviðræðna við Evrópusambandið og leggi síðan samningsdrög í dóm þjóðarinnar verður lögð fram á flokksþingi Framsóknarflokksins í dag.

Höskuldur Þórhallsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sem báðir eru meðal frambjóðenda til formanns, segja alls óvíst að tillagan verði samþykkt; andstaða við aðild reynist jafnvel meiri en margir hefðu búist við.

jse / sjá síðu 4

Skinku bátur 6 tommu bátur **329 kr.** Gildir í janúar 2009. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Sjáormáli.

Betra BAK
+TEMPUR - tilboðsdagar

Öruggara Internet fyrir börn

Netvarinn er nýjung í Internetþjónustu á Íslandi. Með honum fær heimilið öflugt tæki til að útiloka óæskilegt efni á netinu og koma þannig í veg fyrir að börn og unglingar villist þangað sem þau eiga alls ekki erindi. Netvarinn virkar beint á nettenginguna og þar með allar tölvur sem tengjast henni og því þarf ekki hugbúnað í þær sjálfar.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 

Aðeins
hjá
Símanum
Netvarinn fylgir án
aukagjalds!



Sími



Netið



Sjónvarp



Netvarinn
Hlífir börnum við óæskilegu efni á netinu

Í samstarfi við 

Hollustan í fyrirrúmi!

OPIÐ
til **20**
alla daga

35%
afsláttur
við kassa



1%
FITA



KJÚKLINGA
BRINGUR
1.949 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-



30%
afsláttur
við kassa



661 kr/kg
Merkt verð 945.-



30%
afsláttur
við kassa



1.323 kr/kg
Merkt verð 1.890.-



20%
afsláttur
við kassa



1.438 kr/kg
Merkt verð 1.798.-



40%
afsláttur
við kassa



3%
FITA

959 kr/kg
Merkt verð 1.598.-

Kjúklingabitar
læri og leggir

Silungsflok

Ýsa í karrysösu
með grænmeti

Ungkálhakk
með aðeins 3% fitu

ávöxtur
mánaðarins



299 kr/kg.
Verð áður 399.-

Mangó ávöxtur mánaðarins



40%
afsláttur
við kassa

191 kr/stk.
Verð áður 319.-

Voelkel smoothie 100% lífrænn



20%
afsláttur
við kassa

EAS Thermo DynamX og Precision Burner



DeTox

20%
afsláttur
við kassa



Detox, hreinsar og afeitrar líkamann, losar fólk
hnitmiðað við umframfitu, dregur úr vökvasöfnun



20%
afsláttur
við kassa



Lífrænar hrískökur úr lífrænum
hýðishrísgrjónum



149 kr/stk.
Verð áður 189.-

Toppur 2 lítra án bragðefna, sítrónu
og appelsínu

OPIÐ
allan sólarhringinn
í Skeifunni

24
Skeifan

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Gildir til 18. janúar eða á meðan birgðir endast.



Hringdu nún

AYGO YARIS COROLLA AURIS AVENSIS
PRIUS RAV4 HILUX LAND CRUISER

ÍSLENSKAUSSTÖYMAFS 01/09

Kláraðu dæmið

Pessa dagana erum við öll að velta allskonar tölum fyrir okkur. Reyna að fá sem mest fyrir peningana. Og það er vissulega kjarabót að gera góð kaup á góðum bíl og geta búist við góðri þjónustu.

Við eigum í augnablikinu nokkra bíla á janúarverði. Sölumenn okkar eru við símann, reiðubúnir að aðstoða þig og svara þeim spurningum sem þú kannt að hafa. Hjálpa þér að klára dæmið.

Sum reikningsdæmi eru einfaldari en önnur.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

Frábær helgartilboð!



UNGNAUTAHAKK

892 kr/kg
~~1.189~~ kr/kg

25%
afsláttur

GÓÐI

GRÍASNITSEL

849 kr/kg
~~1.698~~ kr/kg



50%
afsláttur



30%
afsláttur

GÓÐI

PÍTA OG BRAUÐ

699 kr/pk.
~~998~~ kr/pk.

KJÚKLINGABRINGUR, SKINNLAUSAR

1.785 kr/kg
~~2.975~~ kr/kg



40%
afsláttur

25%
afsláttur

CHICAGO TOWN BRICK OVEN PIZZA
M/SKINKU EÐA PEPPERONI

599 kr/stk.
~~799~~ kr/stk.



NÝTT!

GREENS OSTAKÖKUMIX

284 kr/pk.
~~379~~ kr/pk.



25%
afsláttur



GREENS DODDA EÐA
TOMMA&JENNA KÖKUMIX

344 kr/pk.
~~459~~ kr/pk.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 15. - 18. JANÚAR

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.netto.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

ÚTSALA

ATH.

Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

ÍSLENSK HÖNNUN

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – Nú 79.900

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – Nú 79.900

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – Nú 49.900



IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
ÍSLENSK HÖNNUN

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – Nú 199.900

Queen
Áður 189.900 – Nú 149.900

TAKMARKAÐ MAGN



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900

Nú 299.900

IQ-CARE



Sængur

30% afsláttur

Takmarkað magn

Sængurverasett

20% afsláttur



S-CAPE
WALLHUGGER

Sá nýjasti og besti frá Leggett

2x90 x 200 cm. Áður 684.900

Nú 499.000

20-70% afsláttur af

öllum húsgögnum

og teppasettum.

20% afsláttur af

svefnsófum.



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



LÁGVÖRUVERSLUNIN ÞÍN



3 kg

699

CLEVER ÞVOTTAEFNI

•Fyrir hvítan þvott
•3 kg



3 kg

699

CLEVER ÞVOTTAEFNI

•Fyrir litaðan þvott
•3 kg



1 ltr

169

UPPVOTTALÖGUR

•Sítrónu
•1 ltr



179

SALERNISPAPPÍR

•8 rúllur



pr. stk

199

HANDSÁPA - 500 ML

•Sóttreinsandi



5 kg

1399

CLEVER ÞVOTTAEFNI

•Fyrir litaðan þvott
•5 kg



349

CLEVER OXY POWER

•Blettahreinsir
•400 gr



pr. stk

299

CLEVER MÝKINGAREFNI

•2 ltr



249

CLEVER ÞVOTTAEFNI

•Sensitive
•1 kg



339

CLEVER ÞVOTTAEFNI

•Fyrir svartan þvott
•1 ltr



199

KLÓR

•1,5 ltr



179

TRIX GLERÚÐI

•500 ml



pr. stk

219

TRIX UPPVOTTALÖGUR

•1 ltr



pr. stk

299

TRIX HREINSILÖGUR

•1 ltr



199

GRÆNSÁPA

•1,5 ltr



pr. stk

250

WELLA

•Sjampó / hárnæring
•250 ml



149

PASTA

•400 gr



149

PASTA

•400 gr



149

PASTA

•400 gr



149

PASTA

•400 gr



99

SPAGHETTÍ

•400 gr



399

INSTANT KAFFI

•200 gr

Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

www.europris.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



898
NV FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.



30% AFSLÁTTUR
NV FERSKT NAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR
NV FERSKT NAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.

Ali GRÍSAKJÖTAF NÝSLÁTRUÐU



40% AFSLÁTTUR
FERSKT GRÍSAHAKK
530 kr./kg. MERKT VERÐ 884 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR
FERSKT GRÍASNITSEL
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR
FERSKT GRÍAGÚLLAS
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



498
FERSKUR GRÍSABÓGUR 498 kr./kg.



298
KS FROSIN LAMBASVIÐ 298 kr./kg.



498
NV FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR
4 STK/M/BRAUÐI 498 kr.



40% AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.



259
BÓNUS FETAOSTUR 250g 259 kr.



479
K.S. FROSID SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
479 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.



159
FROOSH SMOOTHIE 250 ml 159 kr.



198
BURNER 500 ml 198 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



399

KF NÝTT KJÖTFARS **399 kr./kg.**

FERSKAR KJUKLINGA BRINGUR

**30%-40%
AFSLÁTTUR**



**40%
AFSLÁTTUR**

KF KOFAREYKT FOLALD
399 kr./kg. MERKT VERÐ 665 KR./KG.



159

BÓNUS BRAUÐ 1 kg **159 kr.**



1476

1476 kr./kg. MERKT VERÐ 2109 KR./KG.



198

BÓNUS NÝBAKAÐIR KLEINUHRINGIR
2 stk **198 kr.**



698

NF FROSIN LÍNUÝSA
beinlaus m.roði **698 kr./kg.**



**40%
AFSLÁTTUR**

1798 kr./kg. MERKT VERÐ 2998 KR./KG.



259

BÓNUS KLEINUR
15 stk **259 kr.**



49

PLAISIR KATTAMATUR
100g **49 kr.**



**40%
AFSLÁTTUR**

HOLTA FERSKAR KJUKLINGABRINGUR
1798 kr./kg. MERKT VERÐ 2998 KR./KG.



198

BÓNUS FROSIN SMÁBRAUÐ
15 stk **198 kr.**



179

BÓNUS JÓGÚRTÍS
1 ltr. **179 kr.** Aðeins 3,5% fita.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

50% afsláttur
1299 kr. kg
Grísalundir

40% afsláttur
899 kr. kg
Grísakótilettur

ÚTSALA

Á SVÍNAKJÖTI

40% afsláttur
998 kr. kg
Grísnitsel

40% afsláttur
898 kr. kg
Grísagúllas

50% afsláttur
849 kr. kg
Gríshnakki úrbeinaður

50% afsláttur
349 kr. kg
Grísarífjur

33% afsláttur
199 kr. kg
Grísaskankar

52% afsláttur
398 kr. kg
Grísabógur

Öll vörð eru birt með lýningara um prentvillu og/óða myndabrengi. Eign - www.krónan.is

FISKUR ætti að vera á borðum að minnsta kosti tvisvar í hverri viku samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar. Í flestum verslunum er hægt að kaupa alls konar góða fisk-rétti sem auðvelt og fljótlegt er að skella í ofninn.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Tilvalið fyrir árshátíðina!

Allt í steik

2. janúar - 28. febrúar

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA ADALRETTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuguð grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is

Hildur Sif Hreinsdóttir matgæðingur býður fjölskyldunni oft upp á kjúklingasúpuna góðu.



Ilmandi kjúklingasúpa

Rjúkandi heit súpa á vel við í kuldátíðinni þessa dagana. Hildur Sif Hreinsdóttir kennari fann uppskrift að ljúffengri kjúklingasúpu í fórum mannsins síns sem hann hafði vist lítið notað.

„Ég sendi manninn minn á matreiðslunámskeið í kvöldskóla Kópavogs og hann kom heim með möppu fulla af uppskriftum,“ segir Hildur Sif sem grípur oft til möppunnar góðu. „Ég hef notað hana mjög mikið, en það hefur hann ekki gert,“ segir hún hlæjandi.

„Kjúklingasúpan er alveg frá-bær og matarmikil en í hana fara tvær til þrjár kjúklingabringur skornar í bita, einn laukur og einn púrrulaukur, paprika, einn stöngull af brokkólí og tvö hvít-

lauksrif. Allt grænmetið er saxað smátt og byrjað á að léttsteikja lauk og púrru í olíu í potti. Svo er kjúklingnum og grænmetinu bætt út í og einum lítra af vatni, einni matskeið af kjúklingakrafti, einni teskeið af timjan og hálfri teskeið af karríi. Þetta er látið malla í tíu mínútur og þá er tveimur desílítrum af matreiðslurjóma hellt út í súpuna og tveimur matskeiðum af rjómaosti bætt út í. Gott að krydda svo bara með pipar og salti.“

Hildur kann vel að meta kræs-

ingar en hún mætir reglulega í saumaklúbb þar sem hvorki er gripið í þrjóna né nál.

„Við hittumst æskuvinkonurnar og étum á okkur gat af lúxusmat og eftirréttum, þetta er enginn megrunarklúbbur. Ég hef gaman af því að elda sjálf og er góð í að nota það sem til er og búa til eitthvað úr engu. Ég er líka óhrædd við að sleppa hráefnum úr uppskriftum ef ég á þau ekki til og nota eitthvað annað í staðinn.“

heida@frettabladid.is

Sushi

SÝNISHORN ÚR MATSEGLI

- 202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
- 203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
- 204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
- 205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.

Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

NINGS

www.nings.is SUBURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

TÍSKA



FÖRÐUNARNÁMSKEIÐ geta verið sniðug fyrir þær sem vilja ná betri tökum á að farða sig eða kanna nýja möguleika á því sviði. Förðunarnámskeið eru til dæmis haldin á vegum ýmissa snyrtistofa.

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - fri heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

System belti fyrir kvíðvöðva dómur / herra kr. 29.900.-
Heimir Karlsson

ÚTSALA Mikil verðlækkun

Vefta Tískuföt

www.vefta.is

Vefta • Hólagarði • S: 557 2010 • & Mjódd • S: 578 2051

MaxMara MARINA RINALDI

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

MaxMara Hverfisgötu 6 • 101 Reykjavík • Sími 562 2862

Augnháralitur og augnbrúnalit
Tana® Cosmetics

Plokkari með ljósi

SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRVERSLANIR

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR
F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTADIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

HANSKADAGAR

30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM RÚSSKINNSHÖNSKUM
Stendur í 1 viku frá föstudeginum 16. jan. til 23. jan.

(2.800.- kr.)
Nú 1.960. kr.

Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

Gabrielle Bonheur Chanel, betur þekkt sem Coco Chanel fæddist árið 1883 og var áberandi í tískuiðnaði tuttugustu aldar. Áhrif hennar á hátískufatnað voru slík að hún er eina persónan úr tískubransanum sem nefnd er á lista TIME-tímaritsins yfir hundrað áhrifamesta fólkið á tuttugustu öld.

www.wikipedia.com

TILBOÐ
Dömstigvél á tilboðsverði: Verð: 3.500. og 7.500.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ

teg. ZHEN - úr mjúkri bambusbómull og með saumlausu fóðraða skál stærðum í D,DD,E,F á kr. 3.900,-

teg. DAYDREAM - úr mjúku microfíber, mjög þægilegur sömuleiðis fóðraður og saum-lauss í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 3.900,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Svart og hvítt á rauðum dregli

Klassískir svartir og hvítir kjólar þóttu áberandi á rauða dreglinum á Golden Globe-hátíðinni um síðustu helgi.

Kvikmynda- og sjónvarpsstjörnur svifu eftir rauða teppinu í Beverly Hills á sunnudaginn í sérsniðnum síðkjólum og klæðskerasaumumum jakkafötum. Golden Globe-verðlaunahátíðin var í þann mund að hefjast en leikararnir gáfu sér þó flestir tíma til að stilla sér upp fyrir ljósmyndarana enda vanir því að njóta athyglinnar.

Svartir og hvítir kjólar voru áberandi þennan dag. Kate Winslet, sem hlaut tvenn verðlaun sem besta leikkonan og sem besta leikkonan í aðalhlutverki, í myndinni Revolutionary Road, klæddist hlýralausum einföldum svörtum kjól. Amy Adams var í íburðarmiklum svörtum kjól og hin iðilfagra Kate Beckinsale þótti skara fram úr í glæsileik en hún var í hvítum silkkjól.

solveig@frettabladid.is

ÚTSALA 10-50% afsláttur
Yfirhafnir kvenna í frábæru úrvali

- Jakkar
- Úlpur
- Ullarkápur
- Dúnkápur
- Vattkápur
- Hattar
- Húfur

opíð
mán.-föstud. 10-18
laugardaga 10-16
sunnudaga 12-17

Mörkinni 6
Sími 588 5518
Opíð virka daga
Frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17

TOPP HÚSÍÐ

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 16. janúar 2009

Magnús Jónsson er með sjónvarpsþátt, tvær plötur og bíómynd í vinnslu.

FÆR ÚTRÁS Í GEGNUM LISTINA

✿ **SETTU ÍBÚÐ-
INA Á SÖLU** ✿ **LEIKA FEÐGIN
Í ÞRIÐJA SINN** ✿ **ÆVINTÝRA-
LEGA ÞJÓÐLEG**

.....
.....
.....
.....
.....

Birgitta Haukdal og Benedikt Einarsson selja glæsi íbúð sína á Skólavörðustíg. Sólveig Arnarsdóttir og Arnar Jónsson leika feðgin í fjölskyldudramanu Heiðri. Ásthildur Sturludóttir opnar heimili sitt og sýnir uppáhaldshlutina.

núna

* jákvæðnin er milljóna virði

SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Í kvöld förum við hjónin í argentínskan tangó í Kramhúsinu. Eftir það förum við stundum á lítinn veitingastað sem selur framandi kræsingar á sanngjörnu verði. Um helgina stefnum við fjölskyldan að því að sjá Sólskinsdrenginn. Á sunnudaginn ætla ég að elda eitthvað gott og halda hvildardaginn heilagan.



Sólveig Arnarsdóttir leikkona:

LEIKUR DÓTTUR FÖÐUR SÍNS Í ÞRIÐJA SINN

Kveðja karlmennina

Starfsfólk Gyllta kattarins í Austurstræti segir nú alfarið skilið við karlmenn. Í auglýsingu sem verslunin sendi frá sér á Facebook segir að starfsfólkið hafi tekið þá ákvörðun með tárin í augunum að vera eingöngu með kvenmannsföt í búðinni og muni sakna sárt allra yndislegu og myndarlegu karlmanna sem hafa verslað við það yfir árin. Fyrir vikið eru nú öll herraföt á hálfvirði og á næstunni mun dömudeildin stækka.

Sjóðheitur gamanleikur

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hefur Bjarni Haukur Þórsón tekið yfir rekstur Loftkastalans þar sem hann ætlar að setja upp Grease næsta sumar. Fyrst mun Menntaskólinn við Sund hins vegar leigja húsið undir upp-




færslu sína á roksöngleiknum Harry Potter sem verður frumsýndur 17. febrúar. Bjarni Haukur virðist ekki láta kreppuna ná til sín því endurbætur standa nú yfir á húsinu auk þess sem fjárfest verður í nýjum tækjabúnaði. Hann slær hvergi slöku við því Bjarni hefur einnig tryggt sér réttinn á vinsælum gamanleik sem hefur slegið í gegn bæði á West End og Broadway og verður settur upp á næsta leikári.

Þegar ég var þrettán ára lékum við fyrst feðgin í leikritinu Lítið fjölskyldufyrirtæki í Þjóðleikhúsinu. Fyrir tveimur árum vorum við svo feðgin í Öxinni og jörðinni og nú í Heiðri í þriðja sinn," segir Sólveig Arnarsdóttir leikkona sem mun leika dóttur föður síns, Arnars Jónssonar, í leiksýningunni Heiður. Sýningin verður frumsýnd 24. janúar í Kassanum í Þjóðleikhúsinu og er ástralskt nútímafjölskyldudrama sem fjallar um fjölskyldu sem sundrast óvænt.

„Það eru mikil forréttindi að fá að standa með Arnari Jónssyni á sviðinu og alltaf jafn skemmtilegt. Yfirleitt eru samt deilur á milli feðginanna í verkunum, en við pabbi erum mjög góðir vinir og vinnum vel saman," segir Sólveig sem var kjörin leikkona ársins á Edduverðlaunahátíðinni í nóvember fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Svörtum englum. Hún situr ekki auðum höndum þessa dagana því auk þess að æfa stíft fyrir Heiður leikur hún í lögfræðipættinum Rétti sem hefur göngu sína á Stöð 2 á sunnudaginn, en Sólveig tók einnig að sér starf skriftu í þáttunum. „Ég er skrifta í fyrsta skipti, sem felst í því að fylgjast með að leikaramir fari rétt með texta, geri hlutina eins í hverju skoti og svo er ég með klappspjaldið, en aðallega er ég að reyna að vera sæt og skemmtileg," útskýrir Sólveig og hlær. „Mig langaði að prófa að vera hinum megin við myndavélina, taka þátt í öllu ferlinu og mér hefur fundist það mjög skemmtilegt," bætir hún við.

Undanfarin ár hefur aðalstarf Sólveigar verið í Þýskalandi þar sem hún hefur leikið í fjölda sjónvarpsmynda og að Heiðri og Rétti loknum bíða hennar tvö hlutverk þar í landi. „Fyrir jól fór ég í prufur fyrir aðalhlutverk í nýrri sjónvarpsseríu og það kemur í ljós í lok mánaðarins hvort ég fæ hlutverkið. Það gekk mjög vel, en þarna voru líka tíu af bestu kvikmyndaleikurum Þjóðverja svo maður getur ekkert vítað. Annars er ýmislegt fleira í spilunum í Þýskalandi svo mér sýnist að þar haldi áfram að vera minn aðalstarfsvettvangur," segir Sólveig.



Flott feðgin
Sólveig og Arnar leika feðgin í þriðja sinn í sýningunni Heiður sem verður frumsýnd í Kassanum 24. janúar.

Þetta HELST

Árangur fer eftir gæðum Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 aminosýrur · Blágræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.



**Aukið úthald,
þrek og betri líðan**

Gott fyrir ræktina og mikið álag. Spirulina inniheldur mikið af blágrænu og glycogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blágræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það auknið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr þirringi, sleni og sætindabörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.



Fæst í apótekum, heilsubúðum og Frihöfninni.

www.celsius.is

Birgitta og Benedikt setja á sölu

Glæsiþúðin fól fyrir 35 millur

Söngkonan Birgitta Haukdal og eiginmaður hennar, Benedikt Einarsson, hafa sett glæsiþúð sína við Skólavörðustíg í Reykjavík á sölu. Þau eru þó ekkert óviss hvert þau eiga að flytja því í fyrravor festu þau kaup á einbýlishúsi við Bakkaflöt 3 í Garðabæ. Það verður þó örugglega eftirsjá að íbúðinni við Skólavörðustíginn því hún er sérlega vonduð, 101 fermetri á stærð með útsýni yfir hálf borgina. Í stofunni er hvorki meira né minna en fjögurra metra lofthæð. Framtíðarheimilið er þó á Bakkaflöt, en Birgitta og Benedikt giftu sig í október síðastliðnum og eiga von á sínu fyrsta barni með vorinu.



Brúðkaup ársins Birgitta og Benedikt á brúðkaupsdaginn í október 2008.

* augnablikið



TÖFF Í GALLABUXUM

Thor Vilhjálmsson sagnar það að gallabuxur eru ekki bara fyrir unga fólk. Hann var fluttur í þeim dökkbláu þegar hann mætti á ljósmyndasýningu Jónatans Grétarssonar.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Ritstjóri Marta María Jónasdóttir martamaria@365.is
Penni Alma Guðmundsdóttir alma@frettabladid.is Forsíðumynd Vilhelm Gunnarsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigrurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

30% til
60%
öllum afsláttur
húsgögnum

RIO GRANDE
Kómmóða var 39.900
nú **19.950.-**

ANNABELL
Rúm var 39.900
nú **19.950.-**
Náttborð var 12.900
nú **6.450.-**

alvöru
útsala!
á húsgögnum

SHINJU
Vínkápur
var 69.900
nú **41.940.-**

JADE GARDEN
Skilrúm var 19.900.-
nú **11.940.-**
Skápur var 24.900.-
nú **14.940.-**

the
PIER

Einstakt tækifæri til að eignast
falleg húsgögn á góðu verði

LISTAMAÐUR Í HÚÐ OG HÁR

Magnús Jónsson hefur gert það gott bæði sem leikari og tónlistarmaður. Nú hefur hann brugðið sér í hlutverk lögfræðings í sjónvarpsþáttunum Réttur sem hefur göngu sína á sunnudagskvöldið og er með tvær plötur og bíómynd í vinnslu.

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir

Ljósmyndir: Vilhelm Gunnarsson

Magnús er fæddur á Selfossi 1965. Hann bjó fyrstu árin sín í Þykkvabæ, þar til hann varð sjö ára og var algjör sveitastrákur sem ætlaði sér svo að verða lögga eða læknir þegar hann yrði stór. „Ég held að það hafi bara verið af því hvað það hljómaði vel. Ég vissi í raun ekkert hvað ég vildi verða, flosnaði upp úr skóla í samræmdu prófunum og var kominn út á sjó fimmtán ára gamall þar sem ég var á togara í tvö ár,” útskýrir Magnús en segir tónlistina samt hafa togað í sig snemma. „Ég var að gera pabba geðveikan með sífelldu blístri sem krakki og flautaði lög endalaust, en það var ekki fyrir en ég kynntist Guðmundi Haraldssyni leikara sem ég fór að íhuga leiklistina. Þá var eitt hvað byrjað að gerjast í mér. Ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á bíómyndum sem krakki og var kallaður Maggi bíóglæði því alltaf þegar ég átti pening fyrir í bíó,” segir Magnús brosandí.

„Við Guðmundur sóttum um hjá Helga Skúlasyni heitnum sem var þá með leiklistarskóla. Eftir eitt ár þar sótti ég svo um í Leiklistarskóla Íslands og komst inn með skilyrðum því ég var ekki stúdent. Það var alveg hræðilegt álag því fyrsta árið þurfti ég alltaf að fara upp í öldungadeild MH að læra bókleg fög þegar aðrir voru að fara heim. Það endaði með því að ég samdi við Helgu Hjörvar skólastjóra um að ef ég myndi ná góðum prófum þá önnina væri ég laus úr MH. Það gekk eftir og ég slapp,” segir Magnús sem útskrifaðist úr Leiklistaskólanum 1991.

„Námið fór ekkert rosalega vel í



Fjölhæfur Magnús leikur lögmenninn Loga í sjónvarpsþáttunum Réttur sem hefur göngu sína á Stöð 2 á sunnudagskvöldið.

mig og þegar ég útskrifaðist var ég staðráðinn í því að ég ætlaði ekki að verða leikari. Ég er ekki mikil hópmanneskja til langs tíma, svo eftir að hafa unnið með þröngum hópi fólks í fjögur ár var ég kominn með hálfgerða flóttatilfinningu og fór bara beint á sjóinn aftur, á togara frá Sauðárkróki.

Í öðrum tórnum mínum var hringt í mig frá Borgarleikhúsinu og mér boðinn samningur þar, svo ég ákvað að slá til,” segir Magnús sem starfaði hjá Borgarleikhúsinu næstu fimm árin og spilaði með hljómsveitinni Silfurtónum sem hann hafði verið í frá því í Leiklistarskólanum.

Á SAMNING Í BRETLANDI

„Þegar ég hætti í Borgarleikhúsinu 1995 var ég kominn með upp í kok af leiklist um sinn og flutti til Los Angeles. Þá var ég reyndar

einnig nýbúinn að gera plötu með GusGus sem varð til þegar hópur krakka hittist við gerð stuttmyndarinnar Nautn og ákváðum í einhverju hléi á tókum að gera plötu saman. Við Daníel Ágúst og Siggí Kinski vorum svona stærstu laga-höfundarnir, en við höfðum fram að því bara verið kassagitarglamrarar með okkar böndum, ég með Silfurtónun, Daníel Ágúst með Nýdönsk og Siggí svona meira fyrir skúffuna. Við fengum svo Magga Legó og Birgi Þórarinsson til að koma lögunum inn í elektróníska heiminn og gáfum fyrstu plötuna okkar út á Íslandi,” útskýrir Magnús.

„Þegar ég hafði búið í LA í nokkra mánuði hafði Baldur Stefánsson samband, en hann hafði þá reddað okkur plötusamningi í London. Þetta var eiginlega bara „too good to be true“ því við

vorum í raun engin hljómsveit, svo á þessum tímamarki þurftum við í GusGus að setjast niður og ákveða hvernig við ætluðum að hafa þetta. Hljómsveitin fæddist því nánast bara við borðið og við bjuggum til þennan listahóp sem fór að búa til „visuala“, leika sér með texta, myndform og tónlist, og hræra þessu saman í einn graut sem við kölluðum GusGus,” segir Magnús um hljómsveitina sem fór á samning hjá plötufyrirtækinu 4AD.

„Það gekk illa að standa í því að vera að fljúga á milli LA, Íslands og London þegar þetta var að fæðast svo ég flutti aftur heim. Við fengum fyrirframgreiðslu til að kaupa okkur stóran mixer og settum upp stúdíó. Þar ætluðum við að vera með svona production company, en þetta var svolítið eins og með hippahugsjónina,

rosalega gaman í svona tvö þrjú ár, allir rosalega góðir saman, en svo byrjuðu egóin að eigast við. Það var ástæðan fyrir því að ég fór úr bandinu eftir um það bil fjögur ár,” segir Magnús sem hafði íhugað að hætta um nokkurt skeið. „Ég lenti í sjálfheldu með hvort ég vildi þetta eða ekki, og svo eftir aðra plötuna lét ég verða af því og hætti. Fleiri meðlimir hættu í kjölfarið og voru þá greinilega búnir að vera að upplífa það sama. Þetta eru í raun miklu betri vinir mínir í dag en þá og við erum í ágætis sambandi núna. Við vorum svolítið dæmd til að vera saman í hljómsveitinni, en þetta var samt gríðarlega skemmtilegur tími með þeim svona eftir á að hyggja.“

Magnús hóf að vinna að sinni fyrstu sólóplötu eftir að hann hætti í GusGus. „Mig langaði til að gera eitthvað sjálfur og var ekki mikill teknókarl eins og tónlist GusGus var kannski að færast í. Ég var meira farinn að gæla við diskó og house-fílinginn á þessum tíma og gaf mér nokkur ár til að vinna í þessari sólóplötu minni, ásamt Magga Legó og Hlyni Jakobssyni, sem kom svo út í kringum 2001 undir nafninu Blake,” segir Magnús en hann varð síðar partur af tónlistartvíeykinu BB&BLAKE ásamt Veru Sölvadóttur.

FYRIR RÉTT

Eftir tólf ára hlé sneri Magnús sér aftur að leiklistinni árið 2005. Aðspurður segist hann ekki hafa ætlað sér að leika aftur. „Ég hef alltaf þurft smá tíma fyrir sjálfan mig og finnst frekar óþægilegt að negla framtíðina. Það getur aldrei neitt verið endanlegt fyrir mig og ég þarf reglulega að fara í gegnum einhvers konar hreinsun svo ég geti fúnkerað almennilega. Ég hafði neitað verkefnum fram að þessu en fannst ég vera tilbúinn þegar Kolla Halldórs hringdi í mig og bað mig um að koma í prufur fyrir Síðameistarann í Kabarett í Óperunni 2005, sem ég fékk svo hlutverk í,” útskýrir Magnús.

Magnús sinnir nú bæði tónlistinni og leiklistinni af fullum krafti, en á sunnudagskvöldið hefur lögfræðikriminn Réttur göngu sína á Stöð 2, þar sem Magnús fer með hlutverk lögmennsins Loga. „Þetta eru hörkuspennandi og vel skrifaðir þættir sem Sigurjón Kjartansson, Margrét Örnólfs og Kristinn Þórðarson. Þeir gerast í samtím-

FYRIR YKKUR STELPUR!

UMA.is

* bak við tjöldin



Stjórnumerki: Sporðdreki.

Besti tími dagsins: Kvöldin þegar allt er komið í ró.

Geisladiskurinn í spilaranum: Rockferry með Duffy í iPodinum.

Uppáhaldsverslunin:

Rauði krossinn Laugavegi. Þar slæ ég tvær flugur í einu höggi. Styð gott málefni og finn mér þægilegar flíkur.

Uppáhaldsmaturinn:

Sushi og taðreykt hrossabjúgu.

Líkamsræktin:

Sund, skokk, fót- og körfubolti, reiðhjólátúrar og bullworker workout.

Mesta dekkið:

Þegar ég kemst á hestbak með pabba.



Ég lít mest upp til: Pabba og afa minna.

Áhrifavaldurinn? Mamma og ömmur mínar.

Draumafrið?

Draumurinn er að fara til Taílands með Bjössu.

Hverju myndirðu sleppa ef

þú yrðir að spara?

Bílum klárlega fyrst, en ég lifi yfirleitt sparlega hvort sem það er kreppa eða ekki.



anum og fjalla um þrjá lögfræðinga, þeirra líf og þau sakamál sem þau taka að sér hverju sinni. Minn karakter er Logi Traustason lögmaður, sem finnst mest spennandi að vera á gráa svæðinu þegar hann skoðar mál sem hann vinnur við. Hann er mikill töffari og kallar sko ekki allt ömmu sína, sem er frekar langt frá mér sjálfum, þó svo að það séu kannski ekki allir sammála því," segir Magnús og hlær. „Það er búið að vera gríðarlegur lærdómur fyrir mig að vinna með þessu mikla fagfólki sem stendur að Rétti, enda snillingar allir sem einn," bætir hann við.

MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM

„Við eigum eina viku eftir í tökum og ég er að reyna að einbeita mér að því að gera ekkert annað á meðan, en svo er ég með nokkur verkefni í gangi sem ég fer að vinna í þegar Rétti lýkur. Eitt þeirra er að gera partíplötu þar sem ég fæ nokkra vini mína til að semja eitt lag á kjaft með mér og ég vinn plötuna í stúdíóinu heima hjá mér. Svo er ég kominn vel af stað með aðra plötu sem er hálfgerð stelpuplata. Þar mun ég fá stelpur til að syngja lög sem ég hef samið og er enn að, en platan er svona soul, diskó, James Bond 70's stíll," segir Magnús sem er einnig með bíómynd í smíðum.

„Ég skrifaði handritið fyrir nokkru og er kominn með aðalleikara sem ég er aðeins byrjaður að æfa með. Mig langar svolítið að fara kreppuleiðina, án styrkja og gera ákveðinn samning við leikara og tæknifólk. Svona „litla gula hænan kvikmyndagerð“ þar sem allir sem tækju þátt myndu eignast hlut í myndinni. Mér finnst bíómyndaformið mjög skemmtilegt form og það er ekki svo ólíkt tónlistinni. Ég ætla að reyna að skjóta myndina í vor, en það fer reyndar allt eftir ástandinu í samfélaginu. Þetta eru svo undarlegir tímar að maður veit ekki neitt hvað er að fara að gerast á næstunni, svo það verður að koma í ljós hvenær hún verður tilbúin.”


Aðspurður segist hann ekki geta gert upp á milli leik- og tónlistarinnar í dag. „Ég hef alltaf þurft að vera að gera bæði. Ef ég fæ leið á leiklistinni gríp ég í tónlistina og öfugt. Í dag er ég búinn að bæta við fleiri listgreinum sem ég get flakkað á milli, bæði mála, teikna og skrifa. Ætli ég sé ekki bara það ruglaður að ég verði að fá útrás í gegnum listina til að halda sönsu-um," segir Magnús að lokum og brosir.

Undrakremið frá Helenu Rubinstein

Andlitslyfting í krukku

Prodigy Re-Plasty er hannað í beinni samvinnu við lækna Laclinic Montreux. Fyrsta línan er sérhönnuð til að vinna gegn öldrun húðarinnar. Þetta er sannkölluð lýtaaðgerð án þess að þurfa að leggja undir hnífinn. Línan er fyrir 35 ára og eldri sem vilja líta brjálæðislega vel út. Á einum mánuði er hægt að ná ótrúlegum árangri með kreminu. Húðin stinnist og styrkist töluvert og kremið sléttir vel úr óæskilegum hrukum.

Er hægt að biðja um meira en það?



Útsalan í fullum gangi

Enn meiri verðlækkun

Opið laugardaginn 17. jan. 11-16
Þráinn Skóari Skóbúð • Grettisgata 3



Þjóðleikhúsið

frumsýnir í Kassarum 24. janúar

„Meistaraverk“

Independent



Úrvals leikarar í frábæru verki

HEIÐUR

Höfundur: Joanne Murray-Smith / Leikstjóri: Bjarni Haukur Þórssón / Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson

www.leikhusid.is / 551-1200



tíðin

* í lopapeysu og ullarsokkum

LJÓSMYNDASÝNING Á morgun klukkan 15 verður opnuð ljósmyndasýning Bjargeyjar Ólafsdóttur í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Sýningin nefnist Tíra og er samansafn tákmynda sem hafa ýmist orðið til í draumum Bjargeyjar eða sprottið fram í vitund hennar milli svefns og vöku.

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ Það er fátt skemmtilegra en að skella sér í bíó á dimmum vetrardögum. Í dag hefst frönsk kvikmyndahátíð í Háskólabíói þar sem frumsýndar verða tíu gæðamyndir á frönsku frá Frakklandi, Belgíu og Kanada. Hátíðinni lýkur 29. janúar.

DÍANA MIST

Föstudagur 9. janúar: Góðærisblakkur stendur fyrir sínu

Sat heima allan föstudaginn og valdi mér lag til að taka fyrir Idolið. Þar sem ég hafði reynt fyrir mér síðast grunaði mig ekki annað en ég kæmist alla leið núna. Var alveg á því að ég gæti sett mig í stellingar Önnu Fridu og Agnetu og valdi mér því smellinn Waterloo. Var í svo miklu stuði að ég hringdi í vinkonu mína og bað hana að kíkja aðeins á góðærisblakk í tilefni kvöldsins. Eini maðurinn sem ég rakst á var **Sigurður Arnjótsson** og vinir hans. Dönsuðum frá okkur allt vit...

Laugardagur 10. janúar: blindfull og hress...

Markmiðið hafði verið að skrá sig í Idolið og því urðu vonbrigðin ógurleg þegar ég komst að því að ég var fallin á tíma – djöfull. Finnst að þeir ættu að gera nýja keppni fyrir 30+. Ég var því frekar niðurlút þegar ég labbaði út af Hilton-hótelinu enda hafði ég eytt geðveikum tíma í að blása á mér hárið og mála mig. Var þó komin yfir mesta sjokkið þegar ég kíkti á ljósmyndasýningu **Jónatans Gréтарssonar** í Hafnarborg. Þar var stjórnuparið **Ragnar Sólberg** tónlistarmaður og



Sóley Ástudóttir förðunarfræðingur og **Lýður Guðmundsson** ljósmyndari. Um kvöldið kíkti ég í einn drykk á 101. Þar var **Anna Rake! Róbertsdóttir** listaháskólanemi í banastuði, þar voru líka **Þórhallur Gunnarsson** og **Brynja Nordquist** ásamt vinum. Síðan lá leið mín á Prik-ið þar sem **Sammi** í Jagúar var einn af þeim bitastæðustu sem ég hnaut um. Eins og alltaf var ég orðin blindfull þegar leið á nóttina og endaði á Kaffibarnum. Var alltof full til að muna eftir þekktum andlitum en sá **Gísli Galdur** þar sem hann þeytti skífum, svona menn eins og hann fara náttúrulega ekki fram hjá manni!



BLEND
Kringlan // Smáralind // Keflavík
www.blend.is



ELDHÚSHNÍFARNIR



GÖNGUSKÓRNIR



UPPHLUTURINN MINN. Móðir mín, Hallgerður Gunnarsdóttir, saumaði hann á mig. Það er alltaf hátíðlegt að vera með rauðan skúf, í peysu.




TOPP
10

ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR
stjórnsýslufræðingur



EYRNALOKKASKRÍN er minning um einstaka ferð um Kína með skólafélögum mínum í Bandaríkjunum. **LANDBROT** eftir Friðrik Örn.



BORÐSTOFULJÓSIÐ sem mig hafði dreymt um að eignast frá 9 ára aldri.



KAJAKINN Prada og árin svarta.



LOPAPEYSAN



PERLUFESTI. Er festarbandið sem afi Gunnar Guðbjartsson, færði ömmu minni, Ásthildi Teitsdóttur, þegar þau opinberuðu árið 1940.



ÝMISLEG LJÓDMÆLI eftir Hannes Hafstein.



skemmtilegri

HÉRADSDÓMUR REYKJAVÍKUR



RÉTTUR

NÝR HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI
HEFST Á SUNNUDAG KL. 20:30



KLINGENBERG SPÁIR

Eva María Jónsdóttir sjónvarpskona

Eva María Jónsdóttir er fædd 26.04.1971. Sigríður Klingenberg segir að það gefi henni lífstóluna 3. „Pristurinn er heillandi og reynir alltaf að hafa jafnvægi á milli jing og jang. Hún fer millivegin einn mest og hún má og þar af leiðandi getur hún sogað til sín mikið af fólki. Pristurinn er þægilegur og það er gott að vinna með honum. Hann hefur húmor fyrir sjálfum sér og er lífsglaður. Eva María er dálítið þannig karakter að hún vill hafa allt 140%. Þar af leiðandi

er hægt að treysta henni fyrir öllu hvað varðar vinnu. Barnaupeldi og heimilishald er líka alltaf óaðfinnlegt þrátt fyrir annriki. Eva María gerir að hluta til of miklar kröfur til sjálfrar sín og hún ætti jafnvel að leyfa sér að slaka aðeins á og vera eilítið kærulausari. Eva María er búin að vera á árstólunni 4 sem er yfirleitt það ár sem breytir lífi manns. Þegar fólk gengur í gegnum það ár er oft eins og fólk finnst það erfiðasta ár sem það hefur gengið í gegnum. Yfirleitt er það samt árið sem breytir öllu til betri vegar. Eva María vill ekki breytingar breytinganna vegna og er tákni styrks og stöðug-

leika. Hún er að fara inn á fjögurra ára góðæristímabil. Vinir og fjölskylda munu hópast í kringum hana og vilja allt fyrir hana gera. Ótrúlegustu hlutir munu detta í hendurnar á henni. Hún ætti að skoða það gaumgæfilega hvort þau plön sem gerð voru 2008 henti framtíðinni eða hvort hún ætti að endurskoða þau því maður skrifar sjálfur sínar lífsins bækur. Lífsins bók Evu Maríu verður björt og sterk og afkomendur hennar eiga eftir að ná langt, bæði hér og erlendis,” segir frú Klingenberg. www.klingenberg.is



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR


Guðjón Bergmann rithöfundur og jógakennari



1 Byrja daginn með góðri æfingu.



2 Fara í nudd ef tími gefst til.



3 Skipuleggja næstu viku – það dregur úr streitu og leyfir mér að skilja verkefni eftir í vinnunni.



4 Hafa pitsuveislu með fjölskyldunni – helst heimatilbúnar pitsur.



5 Föstudagskvöld eru yfirleitt kósí fjölskyldukvöld.

Regnjakkar, göngubuxur, svefnpokar, skór, bakpokar, dúnúpur o.fl. o.fl.

ÚTSALA

20-70%

AFSLÁTTUR

Útsalan stendur dagana 16. - 31. janúar opið 9 - 18 á virkum dögum og 10 - 14 á laugardögum.

www.fjallakofinn.is

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • Hafnarfirði • sími 510 9505



ÚTSÖLU MARKAÐUR

Verð aðeins

699.- 999.-



Hundruðir DVD titla í boði!

SAFNBOX OG SERÍUR EINNIG Á
FRÁBÆRU VERÐI



ÚTSALA
9.999.-
Verð áður 12.990.-



ÚTSALA
7.899.-
Verð áður 12.990.-

Fáanlegt í Kringlu, Smáralind, Skeifu og Akureyri

Gildir til 23. janúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

DVD MARKAÐUR



Laugavegi · Kringlunni · Leifstöð
www.skifan.is

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
25-90%
AFSLÁTTUR



FULLT AF NÝJUM TITLUM!

Ótrúlegt úrval af geislaflötum, DVD og tölvuleikjum á hlægilegu verði.



Athugið að opið er til kl. 22:00 í Skífunni Laugaveginum



Móa kjúklingaleggir

570,kr./kg

ÁÐUR 949,kr./kg



Móa kjúklingabringur

1.679,kr./kg

ÁÐUR 2.798,kr./kg



Blandað hakk

798,kr./kg

ÁÐUR 989,kr./kg



FK vínarpylsur

558,kr./kg

ÁÐUR 698,kr./kg



Hamborgarar 4x80g m/brauði

396,kr./kg

ÁÐUR 496,kr./kg

Kjötveisla í Fjarðarkaupum 16. - 17. janúar

úr
kjötborði



Nauta Rib-eye

2.198,kr./kg

ÁÐUR 3.098,kr./kg



Weetaflakes 375g

395,kr.



Weetos 375g

499,kr.



Ali grísahakk

619,kr./kg

ÁÐUR 884,kr./kg



Ali grísahnakki beinl.

1.079,kr./kg

ÁÐUR 1.798,kr./kg



Ali grísagúllas

1.315,kr./kg

ÁÐUR 1.878,kr./kg



Ali grísasnitset

1.315,kr./kg

ÁÐUR 1.878,kr./kg



Ali bjúgu

481,kr./kg

ÁÐUR 687,kr./kg

úr
kjötbörði



Svinakótleitur

998,kr./kg

ÁÐUR 1.398,kr./kg



Ali helgarsteik

1.139,kr./kg

ÁÐUR 1.898,kr./kg



Ali reykt medesterpylsa

543,kr./kg

ÁÐUR 775,kr./kg



FK jurtakryddað lambalæri

1.458,kr./kg

ÁÐUR 2.430,kr./kg



Special K mini breaks
Chocolate

498,kr.



Kellogg's Allbran 500g

447,kr.




Kellogg's Just Right 500g

679,kr.



Special K Bar 6 stk.

398,kr.




Alpen Original Musli 750g

599,kr.



Special K mini breaks
Original

498,kr.



Kellogg's Kornfleks 750g

498,kr.



Kellogg's special K 500g

499,kr.



Homeblest 400g

179,kr.



Brink hrískökur

99,kr.



Haust Graham Kex

198,kr.

Tilboð gilda 16. og 17. janúar

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

FK
FJARÐARKAUP

Ritstjóri á kvikmyndavef

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían (ÍKSA) óskar eftir manni til að sjá um vefi félagsins logs.is og eddan.is.

Starfið felst í ritstjórn og öflun fréttu á kvikmynda- og sjónvarpsgeiranum, frágangi efnis á vefina og öflun auglýsinga. Einnig ritstjórn á blaði félagsins Landi og sonum sem kemur út einu sinni á ári. Starfið er hlutastarf sem hægt er að vinna samhliða öðrum störfum. Reynolds af blaðamennsku og þekking á vefumhverfi er nauðsynleg.

Áhugasamir sendi upplýsingar fyrir 20. janúar á bjorn@reykjavikfilms.com.

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían

Á Akureyri er farið að snjóa



og af því tilefni minnum við íbúa Akureyrar að moka gangveginn að húsum sínum til að auðvelda aðgengi blaðbera Fréttablaðsins að lúgu.

Með fyrirfram þökk, dreifingardeild Pósthússins



Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is



Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sumarljós

Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hrífandi, einlæg og æsandi sýning
fös. 16/1 uppselt
lau. 17/1 örfá sæti laus

Heiður

Joanna Murray-Smith
Magnað meistaraverk
Frumskýning í
Kassanum 24. janúar

Hart í bak

Jökull Jakobsson
Hrífandi verk sem
snertir okkur öll
★★★★ EB, FBL
sun. 18/1 uppselt

Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogradnik
Krúttleg brúðsýning
fyrir yngstu börnin
sun. 18/1
allra síðustu sýningar


Kardemommu- bærinn

Frumskýning 21. febrúar
Miðasala í fullum gangi!

WWW.LEIKHUSID.IS



NOKKUR ORÐ Kjartan Guðmundsson



Öfugsnúíð gildismat í NBA?

Þegar Lakers-maðurinn Magic Johnson tilkynnti að hann hefði smitast af HIV-veirunni árið 1991 varð uppi fótur og fit í fjölmiðlum. Daginn eftir blaðamannafundinn fræga kom Magic fram í spjallþætti Arsenio Hall og ræddu þeir um málið. Um miðvik viðtalsins spurði Arsenio spurningarinnar sem virtist brenna á flestum: Ertu samkynhneigður? Magic svaraði neitandi. Hver einasti áhorfandi í Paramount-stúdíóinu klappaði, stappaði og sneri sér í hring. Þetta þóttu góðar fréttir. Þýðing = Skítt með það þótt Magic hafi haldið fram hjá eiginkonu sinni í gríð og erg viðs vegar um heiminn. Að minnsta kosti var hann ekki að vasast neitt í karlmönnum.

Þegar John Amaechi, fyrrverandi leikmaður Orlando Magic og Utah Jazz í NBA-deildinni, kom út úr skápnunum fyrir tveimur árum þótti það sæta tíndum. Vefsíða ESPN sló fréttinni upp á

forsíðu, taldi þetta hið besta mál og hvatti alla laumu-samkynhneigða NBA-leikmenn að skunda út úr skápnunum hið snarasta. Þúsundir lesenda rituðu athugasemdir við fréttina og kom þá í ljós að sjálfvirk ritskoðunarkerfi síðunnar breytti orðinu „gay“ í „####“. Dæmi: „Maybe it's time for a #### NBA player to come out as a role model for other young ####/lesbian athletes.“ Þýðing = Að vera „gay“ er ekkert til að skammast sín fyrir, en orðið „gay“ er engu að síður hræðilega móðgandi og á ekkert erindi við lesendur.

Þegar Eddy Curry, leikmaður NY Knicks, var kærður fyrir kynferðislega áreitni í vikunni ætluðu fjölmiðlar vestra að tapa sér. Ástæðan: Kærandinn var ekki kona heldur karlmaður. Þýðing = Það er ekki vitund fréttæmt að íþróttamenn áreitni konur. En karla? Stop the press! Það er margt skrítið í kýrhausnum.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Ath. Nýtt
kortatímabil

79.989 kr.

Fullt verð ~~119.989~~

Meira en
80 teg.
kæli- og
frystiskápa

Einnig
sýningareintök
á ótrúlega
góðu verði

Beko FSE27300
173sm og 223 lítra frysti-
skápur • Orkunotkun A •
Frystigeta 22kg á sólarhring



HELGARTILBOÐ

á **öllum** ísskápum og frystitækjum



Scancool SKF220
144sm kælskápur með frysti •
167 lítra kæli • 45 lítra frystir
• 5 glerhillur í kæli • Orkunýtni
A • Mál (hxboxd): 144x55x60sm

59.989 kr.

Fullt verð ~~76.989~~

Þetta eru aðeins örfá sýnishorn
af gríðarlegu úrvali á TILBOÐI



Scancool SKS125
85sm kælskápur • 110 lítra
kæli • Orkunýting A • Glerhillur
og grænmetisskúffa • Mál
(hxboxd): 85x49x56sm

34.989 kr.

Fullt verð ~~47.989~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbreytingu.

OPNUNARTÍMI

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-19

Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX / Kaupþúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
og í Holtagörðum

MAX
RAFTÆKI

SNYRTIVÖRUÚTSALA

í Holtagörðum og á Akureyri



ÚTSALA

Rýmum fyrir nýjum vörum með
snyrtivöruútsölu í Holtagörðum
og á Akureyri

30% af völdum vörum:

- Ilmum
- Förðunarvörum
- Gjafakössum

15% af allri annarri snyrtivöru

Gildir til 22. janúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Emil orðaður við Chievo og Parma

Landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson hefur fengið fá tækifæri með Reggina á þessu keppnistímabili og ítalskir fjölmiðlar hafa því verið iðnir við að orða hann við önnur félög. Í gær var greint frá því í ítölskum fjölmiðlum að bæði Chievo og Parma væru á höttunum á eftir honum með lánsamning í huga, sem gæti orðið að varanlegum samningi eftir tímabilið. Chievo er sem stendur í botnsæti Serie A-deildarinnar en Parma í þriðja sæti í Serie B-deildinni. Vefsíðan Strill.it því fram að Reggina muni líklega taka ákvörðun um framtíð Emils í næstu viku og að hann fái lokatækifæri til að sanna sig í byrjunarliðinu um helgina í leik gegn Siena.

sporl
sport@frettabladid.is



KÖRFUKNATTLEIKSLIÐ GRINDAVÍKUR: BÚIÐ AÐ SEMJA VIÐ EINN AF FYRRVERANDI LYKILMÖNNUM KEFLAVÍKUR

Hataði Bradford þegar hann spilaði með Keflavík

Grindavík gekk í gær frá samningi við Bandaríkjamanninn Nick Bradford. Samningurinn er til tveggja vikna en standi Bradford undir væntingum mun hann klára tímabilið með Grindvíkingum.

„Það gekk ágætlega að fá hann hingað. Hann hafði úr einhverju öðru að móða en ég held að hann hafi viljað koma hingað aftur,“ sagði Óli Björn Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur.

Bradford lék með Keflvíkingum á árunum 2003-2005 og stóð sig afar vel. Varð meistari með þeim árin 2004 og 2005. Sé Bradford í fínu líkamlegu ástandi er ljóst að Grindavík er að fá gríðarlegan lífsstyrk.

„Hann segist vera í fínu formi og vonandi er það satt. Við vitum hvernig leikmaður þetta er og ég hataði hann þegar hann spilaði með Keflavík því hann lék okkur oftast en ekki grátt,“ sagði Óli Björn Björgvinsson.

Bradford á að lenda á Íslandi í dag og hafi hann náð flugvélinni bíður hans Grindavíkurbúningur sem hann mun

klæðast á heimavelli gegn Njarðvík í kvöld. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostar það Grindavík rúma milljón að fá leikmanninn hingað í þrjá mánuði. Það eru velunnarar körfuboltans í Grindavík sem borga brúsann og kostnaður kemur því ekki við rekstur körfuknattleiksdeildarinnar. „Það er búin að vera söfnun í gangi og ótrúlegt hvað fólk var viljugt að vera með í þessu. Við vorum búnir að slá þetta út af borðinu en síðan komu utanaðkomandi aðilar inn og þeir fjármögnuðu þetta á einni viku. Því var ekkert til fyrirstöðu að finna leikmann,“ sagði Óli Björn og bætt við að Grindavík hefði aldrei farið í þessa aðgerð ef KR hefði sent sinn Kana heim.

„Ég sagði það allan tímann að á meðan KR-ingar halda sínum Kana eru þeir að bjóða upp á þetta. Við hefðum aldrei farið út í þetta dæmi ef KR-ingar hefðu losað við sinn Kana. Við hefðum ekki einu sinni þælt í því,“ sagði Óli Björn Björgvinsson.



SIR ALEX Var kjörinn knattspyrnustjóri ársins 2008 af Alþjóðasambandi fót-boltasögu og -tölfræði. NORDIC PHOTOS/GETTY

Val á knattspyrnustjóra ársins:

Sir Alex valinn besti stjórinn

FÓTBOLTI Alþjóðasamband fót-boltasögu og -tölfræði (IFFHS) tilkynnti í gær árlegt val sitt á knattspyrnustjóra ársins og hlaut Sir Alex Ferguson hjá Englands- og Meistaradeildarmeisturum Manchester United heiðurinn að þessu sinni, fyrir árið 2008.

Dirk Advocaat hjá Evrópu-meisturum félagsliða í Zenit St. Pétersborg varð annar í valinu og Edgardo Bauza hjá Suður-Amerí-kumeisturum LDU de Quito varð þriðji. Arsene Wenger hjá Arsenal og Rafa Benítez hjá Liverpool urðu svo fjórði og fimmti í valinu.

- 6p

Svakaleg sigurkarfa Shouse

Stjarnan missti niður 20 stiga forskot en sigurgangan heldur áfram undir stjórn Teits Örlýgssonar þökk sé þriggja stiga körfu Justin Shouse í lok leiksins.

KÖRFUBOLTI Justin Shouse tryggði Stjörnuliðinu 74-71 sigur á ÍR með þriggja stiga körfu átta sekúndum fyrir leiklok. Stjarnan hefur því unnið fyrstu fjóra leikina fyrstu leiki sína undir stjórn Teits Örlýgssonar.

„Þetta var frábær sigur og ég er í skýjunum. Þetta var líka fjögurra stiga leikur og lyfti okkur aðeins ofar í töflunni. Núna erum við betri en þeir innbyrðis,“ sagði Teitur Örlýgsson, hjálafari Stjörnunnar, sigurreifur eftir dramatískan sigur en með þessum sigri komst Stjarnan upp fyrir ÍR og í áttunda sætið. „Það er smá breyting á því að vera alltaf að tapa þessum jöfnu leikjum og við ætlum að reyna að ýta okkur upp töfluna,“ sagði Teitur en Stjarnan vann Grindavík með tveimur stigum í síðustu umferð en fyrir áramót tapaði liðið fjórum leikjum með 6 stigum eða minna.

Stjörnuliðið var miklu grimmara fram eftir öllum leik og allt leit út fyrir öruggan heimasigur. Í stöðunni 58-42 fóru ÍR-ingar í svæðissvörn sem fór að svinvirka gegn taugastrekkta liði Stjörnunnar. Hreggviður fór í gang og baráttan og grimmdin var nú öll ÍR-megin og á endanum voru Breiðhýltingar búnir að vinna upp forskotið. Eiríkur Önundarson jafnaði leik-



HETJAN Justin Shouse skoraði glæsilega sigurkörfu og sökkta ÍR.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

inn á vítalínunni 30 sekúndum fyrir leiklok en þá setti Justin niður sigurþristinn aðþrengdur út á kanti. „Sigurkarfan var mögnuð. Hann er bara svona sterkur karakter og er tilbúin að taka svona skot,“ sagði Teitur um Justin.

„Nú er bara Njarðvík á sunnu-

daginn og við ætlum bara að halda áfram og reyna að komast að alvöru inn í þennan pakka fyrir ofan okkur. Með því fáum við að vera með í úrslitakeppninni og það er það sem við viljum,“ sagði Teitur kátur að lokum.

ooj@frettabladid.is

ÚRSILT

Iceland Express deild karla

Stjarnan-ÍR 74-71 (41-33)

Stig Stjörnunnar: Jovan Zdravevski 23, Justin Shouse 21, Fannar Freyr Helgason 12, Kjartan Kjartansson 10, Guðjón Lárusson 4, Birkir Guðlaugsson 2, Hjörleifur Sumarliðason 2.

Stig ÍR: Hreggviður Magnússon 23, Steinar Arason 13, Eiríkur Önundarson 13, Ómar Sævarsson 9, Davíð Fritzon 9, Ólafur Þóris. 2, Ólafur Ingvar. 2.

FSU-Tindastóll 69-77

Stig FSU: Sævar Sigurmundsson 20, Árni Ragnars-son 13, Tyler Dunaway 12, Nicholas Mabbutt 8, Vésteinn Sveinsson 7, Björgvin Valentínsson 5, Christopher Caird 4.

Stig Tindastóls: Darrell Flake 23, Svavar Birgisson 21, Ísak Einarsson 13, Heglí Viggósson 12, Friðrik Hreinsson 7.

N1 deild kvenna

Valur-Gróttá 39-20

Arsene Wenger, Arsenal:

Bjartsýnn á að fá Arshavin

FÓTBOLTI Knattspyrnustjórinn Arsene Wenger hjá Arsenal bindur vonir við að Lundúnafélagið gangi frá kaupum á rússneska miðjumanninum Andrei Arshavin frá Zenit St. Pétersborg.

„Við erum ekki nálægt því að fá neinn í dag, en við vitum hvað við viljum gera. Ég er mjög vongóður [um að fá Arshavin] og það gæti eitthvað gerst í því máli á næstu dögum. Fyrst og fremst viljum við halda áfram að bæta okkur sem lið og bæta núverandi leikmannahóp,“ sagði Wenger.

- 6p

Kellogg's Special K kemur mér á sporið

Við fjölskyldan borðum alltaf morgunmat, eins og t.d. Kellogg's Special K. Það auðveldar mér líka að komast á sporið á ný eftir jólaboðin og áramótin. Með vel samsettum morgunmat hættir mér líka miklu síður til að detta í óhollustu á miðjum morgni eða fituríkan skyndibita í hádeginu. Eftir allt lauffabrauðið og heimagerða konfektíð mitt yfir jólin er frábært að eiga gómsæta Special K stöng að grípa til. Þá þarf ég heldur ekki að hafa neinar áhyggjur af því að innbyrða of margar hitaeiningar.



Mig langar til að ...

... geta verið löt að loknum vinnudegi þegar börnin eru sofnuð enda eru letiköst eitt helsta áhugamál mitt. Í sjónvarpssofanum með Kellogg's Special K bliss og góða bíómynd. Er það ekki bara allt í lagi?

Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður og móðir



specialk.is

Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



blað

alla laugardaga

Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttáuttekjur og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

Meðal efnis í helgarblaðinu:

Hundrað daga kreppuannáll

- Atburðarásin eftir setningu neyðarlaganna og hverjir sögðu hvað, fyrir og eftir hrunið

Matur – Stórt hollustublað

- Ástsælasta hráefni þjóðarinnar að hætti meistarakokka
- Girnilegir grænmetisréttir sem gleðja

Heimili og hönnun

- Keypti húsið óséð
- Leiðarvísir námsmannsins

Allt sem þú þarft



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10
Logi í beinni

Það verður sérstakur 80's-þáttur með Loga í beinni í kvöld þar sem ríflað verður upp allt það skemmtilega og hallærislega frá þessum tíma. Logi fær að venju góða viðmælendur í heimsókn en í kvöld verður það sannkallað landslið níunda áratugarins sem mætir til leiks. Meðal gesta verða Elma Lís, Richard Scobie, Máni Svavars, Dóra Einars, Jón Gústafs, Dr. Gunní og margir fleiri. Herbert Guðmundsson og Greifarnir verða með tónlistaratriði. Andi níunda áratugarins, sögur, hárið og Logi í beinni í kvöld á Stöð 2.



VIÐ MÆLUM MED
Charmed
Skjár einn kl. 20.10

Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. Nemar úr galdskóla Leos eru ásóttir af djöflum og biðja systurnar um hjálp. Piper er viss um að hún ráði við málið en djöflarnir eru máttugri en hún bjóst við. Billie fær Christy til að hitta foreldra þeirra og Coop kennir Phoebe að elska aftur.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Sagnaslóð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Tónleikur
- 15.03 Útvarpssagan: Gæluðyrin
- 15.30 Miðdegistónar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Fimm fjórðu
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Auðlindin
- 18.26 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stjörnukikir
- 21.10 Flakk
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (104:260)
- 16.30 Hollyoaks (105:260)
- 17.00 Ally McBeal (7:24)
- 17.45 The O.C. (4:27)
- 18.30 20 Good Years (4:13)
- 19.00 Hollyoaks (104:260)
- 19.30 Hollyoaks (105:260)

20.00 Ally McBeal (7:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

20.45 The O.C. (4:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið virðist leika við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

21.30 20 Good Years (4:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólífuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ítrasta. Með aðalhlutverk fara John Lithgow og Jeffrey Tambor úr Arrested Development.

22.00 Prison Break (14:22) Fjórða serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.

22.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnaping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Heimastjórn Hrafnaping kemur saman: Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm.

21.00 Sportið mitt Íþróttaráttur í umsjá Sverris Júlíssonar þar sem íþróttaviðburðir verða til umfjöllunar.

21.30 Hugspretta Andri Heiðar Kristinson og Stefania Sigurðardóttir hafa umsjón með þætti um nýsköpun og frumkvöðla.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.15 Hvor krageme vender 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 Jersild Live 11.35 Aftenshowet 12.05 Aftenshowet 2. del 12.30 Ildsjæle - Den skøre cafe 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Boogie Listen 16.00 Amigo 16.30 Shanes verden 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Disney Sjov 19.00 X Factor 20.00 TV Avisen 20.30 Meni så kom Polly 21.55 Den usynlige mands erindringer 23.30 Boogie Mix

NK1

10.45 NM på ski 13.25 V-cup skiskyting 14.40 V-cup alpint 15.30 V-cup hopp 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Ugleskogen 17.10 Mumfie 17.20 Charlie og Lola 17.35 Danny og Daddy 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Norge rundt 18.55 Mesternes mester 19.55 Nytt på nytt 20.25 Grosvold 21.10 Detektimen 22.00 Kveldsnytt 22.15 Detektimen 23.00 John Lennon, Plastic Ono Band 23.50 Riksarkivet 00.20 Kulturmytt

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 Debatt 12.05 Inför Idrottsgalan 2009 12.20 Alpint 13.25 Skidskytte 14.25 Inför Idrottsgalan 2009 14.30 Kattgalen 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Antikrundan 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturmyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 På spåret 20.00 Skavlän 21.00 Skidor 22.00 Solens mat 22.30 Kulturmyheterna 22.45 Body Double 00.35 Sändningar från SVT24

Framúrskarandi íslenskt

Búum við á besta stað
blessa skyldum kúna
Íslendingar eiga það
sem aðra vantar núna

Öllum standa opnar dyr
andans kraft skal virkja
þá er best að borða skyr
búkinn til að styrkja

HVITA HÚSIÐ / SÍA



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur

30% afsláttur

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 10-15



Óteljandi möguleikar

Ögurhvarf 2 203 Kópavogur
sími 534-0335 www.jke-design.is

BAKÞANKAR

Páls Baldvins
Baldvinssonar



Mátað um miðja nótt

Mikil blessun er það að nú skuli manni gefast kostur á að skella sér í iðngarðana gömlu í Skeifunni, leita uppi hús þeirra Valfellsmanna þar sem Hagkaup er enn til húsa og máta þar buxur um fjögurleytið eftir miðnætti. Ekkert er nauðsynlegra okkur neytendum en að eiga greiðan aðgang að fjölbreytilegu vöruúrvali þegar maður er rændur svefni af áhyggjum af yfirdrætti og myntkórfuláninu. Þá má svara sér með því að dræfa í Hagkaup Skeifunni, skoða nærföt, láta konuna máta nýtt buxna-sett, kíkja í salatbarinn og falla í freistingu fyrir innfluttum ostum.

KONAN byltir sér og festir ekki blundinn, sprettur svo upp í hugljómun: Nú veit ég – förum í Hagkaup! Karlinn er rifinn upp, skellir í föt og undir stýri og saman skjótast þau aðalbrautir inn í Skeifu, ranka svo við sér í hvítu flúorbirtunni: Æ, hvað vantaði mig aftur?

OPIÐ allan sólarhringinn þýðir jú að það er loksins friður í búðunum. Einstaka öryggisvörður sést á stangi og ef kúnnanum verður svo brátt í brók að hann þurfi aðstoð truflar það engan þótt kallað sé hátt endanna á milli í húsinu: Hei, áttu nokkuð þessar í stærð 36! Feiminn og fámáll piltur frá Öryggismiðstöð leitast að réttum stærðum í nærfatarekknum fyrir tvær áhugasamar konur á fimmtugsaldri sem vantaði kompaní upp úr klukkann tvö á þriðja glasi. Geturðu hjálpað mér að hneppa?

SVEFNVANA vagnstjóri reikar um eins og Palli einn í heiminum og undir suðar þægileg lyftutónlist með kerruna sína: hvaða þvottaduft átti ég aftur að kaupa? Hvar er saltfiskurinn? Skyldi fást tólg hérna?

Æ, hugsar nú vandfýsinn lesandi, ætlar nú þetta Baugsþý að fara að vekja athygli á því að gamla Hagkaupsbúðin í Skeifunni er opin 24/7. Ekki er að spyrja að þessu þýi þeirra Jóns og Ingibjargar. Eigendabægðin er slík að jafnvel hleypur það ótilkvatt til að reka erindi þeirra í auglýsingamennskunni. Sá er að koma sér í mjúkinn. Hvort þeirra heldurðu að hafi hringt?

RISA-ÚTSALA

Allt að 90% afsláttur!

Yfir 200 titlar og hellingur af annarri vöru!

GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 16. janúar, 16. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.52	13.37	16.24
Akureyri	10.57	13.22	15.48

Heimild: Almanak Háskólans